

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	17.4.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Þorsteinn Jóhannsson
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Björn	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í kjölfar ábendinga og til að kanna stöðu reksturs vegna fyrirmæla stofnunarinnar en stofnunin hafði sett fram ákvörðun þess efnis að ekki mætti gangsetja ofn verksmiðjunnar yrði hann aflaus í meira en eina klst. Fram kom 1 frávik frá starfsleyfi.

### UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á því að skoða gröf yfir afl ofnsins og hafði hann verið í óstöðugum rekstri frá um 14:30 sunnudaginn 16. apríl en sama dag hafði stofnuninni borist tugi ábendinga um lyktarmengun. Ofn verksmiðjunnar var í rúmlega 14 MW er eftirlitsmenn komu á svæðið en fullt afl ofnsins er miðað við 32 MW. Viðnám á einu af þremur skautum ofnsins var of lágt og ofninum haldið á lægra álagi meðan greining átti sér stað. Rætt var um ástand á hráefnisgeymslum en enn liggur ekki fyrir hvenær viðgerð á þeim hefist. Farið var því næst inn í ofnhús og það skoðað þangað til rýma þurfti vegna skots á töppunarholu en rýming er hluti af öryggisráðstöfunum verksmiðjunnar þegar töppunarhola er opnuð.

#### Frávik frá

grein 2.2 - Hráefnisgeymslur, vörugeymslur og eldsneyti

#### Lýsing á frávik

Ef hráefni inniheldur fínt efni eða ef hætta er á rykmengun skulu hráefnisgeymslur vera lokaðar. Hráefnisgeymslur verksmiðjunnar skemmdust í roki fyrir á árinu en tjald fauk þá upp af grindum og gerð er krafa um að þær verði lagfærðar sem allra fyrst til samræmis við ákvæði starfsleyfisins.

grein 2.1 - Móttaka og flutningur hráefna

Meðan á eftirliti stóð var verið að færa hráefnispoka við hráefnisgeymslur með gaffallyftara. Mikið rok var en pokinn rifnaði þegar honum var lyft upp og dreifðist innihald hans vel fyrir utan. Athuga skal að verklag sé þannig að rykmengun verði í lágmarki s.s. við flutninga í miklum vindi.

### ATHUGASEMDIR

Þegar rýming átti sér stað í ofnhúsi vegna skota á töppunarholu var útihurð föst með vir vegna roksins, ef neyðarástand kæmi til er mikilvægt að leið út sé greiðfærð og afrit af skýrslu því send til Vinnueftirlitsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.06.2017

  
Einar Halldórsson